

Starfsáætlun Reykhólaskóla

Grunnskóladeild

2024 til 2025



haust 2024
birt á heimasíðuskólans

Anna Margrét Tómasdóttir
Skólastjóri Reykhólaskóla

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Hagnýtar upplýsingar um grunnskóladeild	4
Opnunartími	4
Forföll, veikindi og leyfi	4
Mötuneyti	5
Skólinn í tölum	5
Skóladagatal	6
Uppbrotsdagar	7
Skertir dagar og tvöfaldir dagar	7
Óveður	7
Skólaakstur	8
Klæðnaður og óskilamunir	8
Skólareglur	8
Stjórnskipulag skólans og skipurit	9
Starfsfólk skólans	9
Viðtalstímar kennara í grunnskóladeild	10
Forföll kennara	10
Fastir fundir og fundaráætlun vetrarins	10
Starfsþróun skólans	10
Móttaka nýrra starfsmanna	11
Nefndir og ráð	11
Mennta- og menningarmálanefnd 2022-2026	12
Foreldrafélag	12
Skólaráð grunnskóla	12
Trúnaðarmenn og öryggisvörður	13
Eineltisteymi	13
Innra matsteymi	14
Samskipti heimilis og skóla	14
Sími og tölvupóstur	14
Tilkynningar forfalla og leyfisveitingar	15
Miðlun upplýsinga	15
Foreldra og nemendasamtöl	15
Samfélagsmiðlar og Google síður	15
Heimsóknir í skólann	16
Samstarf foreldrafélagsins og skólans	16
Nemendapjónusta- Stoðþjónustuteymi	16
Nemendaverndarráð 2024-2025	16
Tengiliður farsældar	17
Lausnateymi	17
Aðgengi að skólaheilsugæslu	17
Aðgengi að sérfræðipjónustu	17
Nemendur	18
Móttökuáætlun	18
Skipulag náms	18
	2

Kannanir og skimanir	18
Námsgögn	18
Val nemenda	18
Nemendafélag	19
Íþróttir og sund	19
Öryggi og velferð barna	20
Áfallaráð - Áfallaáætlun	20
Rýmingaráætlun Reykhólaskóla	20
Frístund, tómstundastarf og íþróttir	21
Starfsáætlun 2024-2025	21

Hagnýtar upplýsingar um grunnskóladeild

Heimilisfang: Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur

Heimasíða skólans: reykholar.is

Netfang skólans: skolastjori@reykholar.is

Fésbókarsíða skólans: <https://www.facebook.com/Reykhólaskóli>

Sími í Reykhólaskóla: 434 – 7731

Skólastjóri: Anna Margrét Tómasdóttir

Farsímanúmer: 861-2660

Staðgengill skólastjóra: María Rós Valgeirsdóttir

Deildarstjóri nemendabjónustu: Andrea Björnsdóttir

Opnunartími

Grunnskóladeildin er með tvo opnunartíma í vetur.

Skóli hefst kl. 8:10 í ágúst, september, október, nóvember, mars, apríl og maí. Þá mánuði lýkur skóla kl. 14:40 á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Á miðvikudögum lýkur skóla kl. 13:50 og á föstudögum lýkur skóla kl. 12:00. Húsnæði grunnskóladeildar opnar kl. 8:00 fyrir nemendum og lokar kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga og kl. 13:00 á föstudögum.

Í desember, janúar og febrúar hefst skólahald kl. 9:00 í mesta skammdeginu þegar allra veðra er von, á þeim tíma er mikilvægt að Vegagerðin sé búin að moka helstu leiðir sem skólabílar aka. Þá mánuði fara nemendur heim klukkan 15:20 mánudaga til fimmtudaga og kl. 12:20 á föstudögum. Þá mánuði opnar húsnæði grunnskóladeildar kl. 8:45 fyrir nemendum og lokar kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga og kl. 13:00 á föstudögum.

Forföll, veikindi og leyfi

Forföll nemenda ber að tilkynna áður en að kennsla hefst í síma 434-7731 og velja 1 fyrir grunnskóla eða í tölvupósti til umsjónarkennara **en einnig er hægt að skrá forföll nemenda beint á Mentor**. Allar fjarvistir eru skráðar og færðar inn í Mentor. Umsjónarkennari fylgist með skólasókn nemenda og hefur samband ef þurfa þykir. Forráðamenn nemenda geta óskað eftir leyfi hjá umsjónarkennara en þurfa að óska eftir leyfi hjá skólastjóra ef það varir lengur en í tvo daga. Foreldrum grunnskólabarna er sérstaklega bent á að reyna eftir fremsta megni að halda forföllum og leyfum í lágmarki.

Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla bera foreldrar ábyrgð á því að börn þeirra sækji skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemenda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda. Mikilvægt er að skoða hvert mál fyrir sig og meta stöðuna út frá stöðu hvers og eins og eiga í góðri samvinnu við heimilin. Mikilvægt er að skoða tilkynningar um leyfi og veikindi samhliða fjarvistum þegar grunur um skólasóknarvanda vaknar og áætla viðbrögð út frá stöðu hvers og eins nemanda. Fjarvera nemenda úr skóla getur haft áhrif á líðan og velgengni þeirra bæði í námi og félagslega. Rannsóknir hafa sýnt að allt að **9 dagar** á heilu skólaári úr skóla geti verið viðunandi fyrir nemandann en verði fjöldi þessara daga **9 – 17** yfir skólaárið geti það haft töluverð áhrif. Ef fjarverudagar úr skóla verða **18 eða fleiri** þá getur það haft verulega áhrif á líðan og námsárangur nemenda.

Mötuneyti

Nemendum stendur til boða heitur matur í hádeginu alla daga vikunnar, matur fyrir nemendur er gjaldfrjál. Lagt er upp með að eldaður sé fyrir börnin hollur og fjölbreyttur matur sem unninn er úr góðu hráefni. Öllum nemendum er boðið upp á morgunmat, hádegismat og hressingu eftir hádegi. Alla daga er boðið upp á músli, morgunkorn, mjólk, AB-mjólk, ávexti og lýsi. Nemandi er skráður sjálfkrafa í mat í upphafi skólaárs og taka þarf sérstaklega fram ef nemandi á ekki að vera í mat. Ef nemandi hættir í mat þurfa foreldrar/forráðamenn að hafa samband og tilkynna að nemandi ætlar ekki að vera í mat. Nemendur eru velkomnir að nýta mötuneytið þá daga sem þau vilja, einnig er þeim velkomið að koma með eigið nesti. Yfirmaður mötuneytis er sveitarstjóri Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjori@reykholar.is.

Verðskrá: Verð fyrir skólamáltíð haustið 2024

Matur fyrir nemendu er gjaldfrjál. Verð fyrir starfsmenn er mánaðargjald er Kr. 8.819, stakur hádegisverður er Kr. 530.

Skólinn í tölum

Stöðugildi starfsfólk

Fjöldi stöðugilda í kennslu	Grunnskóladeild 4
Fjöldi stöðugilda í stjórnun	Grunnskóladeild 1
Fjöldi stöðugilda í nemendapjónustu	90% stöðugildi - deildarstjóri stoðþjónustu, sem sinnir 60% starfi í vetur. Fagaðil 70%. 20% stöðugildi iðjupjálfar sem sinnir starfi fagaðila á yngsta stigi.
Fjöldi stöðugilda í tónlistardeild	Reiknað með hálfu stöðugildi í tónlistardeild.
Kynjahlutföll í kennslu	80% Konur - 20% Karlar
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,5 stöðugildi
Sérfræðingar stöðugildi	Aðkeyptir sérfræðingar á samningi við sveitarfélag.

Fjöldi nemenda eftir árgöngum

35 nemendur eru í grunnskóladeild

Bekkur	Árgangur	Fjöldi
1. bekkur	2018	3
2. bekkur	2017	5
3. bekkur	2016	4
4. bekkur	2015	1
5. bekkur	2014	3
6. bekkur	2013	6
7. bekkur	2012	3
8. bekkur	2011	2
9. bekkur	2010	2
10. bekkur	2009	6

Skóladagatal

Skóladagatal Reykhólaskóla er með hefðbundnu sniði samkvæmt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skóladagar skulu vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Samkvæmt skoðanakönnunum og samtölum við foreldra, nemendur og starfsmenn er ósk skólasamfélagsins að byrja snemma og vera búin fyrr á vorin. Samþykkt var að hafa tvo daga í vetrarfrí í febrúar. Jólafrí er 21. desember til 6. janúar og páskafrí frá 12. apríl til 21. apríl. Skólaslit eru föstudaginn 23. maí.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Þráttar áttán

Þráttar áttán

Þráttar áttán

Skóladagatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

Reykhólaskóli

ÁGÓST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Keflavíkurflugvagnur	1 S	1 D	1 F	1 S Keflavíkurflugvagnur	1 M Hafnarflugvagnur	1 L	1 L	1 D	1 F Keflavíkurflugvagnur	1 S	1 D Sauris skólaferna
2 F Keflavíkurflugvagnur	2 M	2 M Hafnarflugvagnur	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Keflavíkurflugvagnur	2 M Sauris skólaferna
3 L	3 D	3 F	3 S	3 D Keflavíkurflugvagnur	3 F Hafnarflugvagnur	3 M	3 M Hafnarflugvagnur	3 F	3 L	3 D Keflavíkurflugvagnur	3 F Sauris skólaferna
4 S	4 M	4 F Hafnarflugvagnur	4 M Hafnarflugvagnur	4 L	4 L	4 D	4 D Hafnarflugvagnur	4 F	4 S	4 M Keflavíkurflugvagnur	4 F Sauris skólaferna
5 M Hafnarflugvagnur	5 F	5 L Hafnarflugvagnur	5 D	5 F Hafnarflugvagnur	5 S	5 M	5 M Hafnarflugvagnur	5 L	5 M Hafnarflugvagnur	5 F Keflavíkurflugvagnur	5 L Sauris skólaferna
6 D Keflavíkurflugvagnur	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Hafnarflugvagnur	6 F Hafnarflugvagnur	6 F	6 S	6 D Hafnarflugvagnur	6 F Keflavíkurflugvagnur	6 S Sauris skólaferna
7 M Keflavíkurflugvagnur	7 L	7 M	7 F	7 L	7 D	7 F Hafnarflugvagnur	7 F Hafnarflugvagnur	7 M	7 M Hafnarflugvagnur	7 L Hafnarflugvagnur	7 M Sauris skólaferna
8 F Keflavíkurflugvagnur	8 S	8 D Hafnarflugvagnur	8 F Hafnarflugvagnur	8 S	8 M	8 L	8 L	8 D	8 F	8 S Hafnarflugvagnur	8 D Sauris skólaferna
9 F Keflavíkurflugvagnur	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F Hafnarflugvagnur	9 M Hafnarflugvagnur	9 M Sauris skólaferna
10 L	10 D	10 F	10 S	10 F	10 F	10 M	10 M Hafnarflugvagnur	10 F	10 L Hafnarflugvagnur	10 D Keflavíkurflugvagnur	10 F Sauris skólaferna
11 S	11 M	11 M	11 M	11 M	11 L	11 D Hafnarflugvagnur	11 D	11 F Keflavíkurflugvagnur	11 S	11 M Keflavíkurflugvagnur	11 F Sauris skólaferna
12 M Keflavíkurflugvagnur	12 F	12 L	12 D	12 F	12 S	12 M Hafnarflugvagnur	12 M	12 L	12 M Hafnarflugvagnur	12 F Keflavíkurflugvagnur	12 L Sauris skólaferna
13 D Hafnarflugvagnur	13 M	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F Hafnarflugvagnur	13 S Hafnarflugvagnur	13 D Hafnarflugvagnur	13 F Keflavíkurflugvagnur	13 S Sauris skólaferna
14 M Hafnarflugvagnur	14 L	14 L	14 F	14 L	14 D	14 F	14 F Hafnarflugvagnur	14 M	14 M Hafnarflugvagnur	14 L	14 M Sauris skólaferna
15 F Hafnarflugvagnur	15 S	15 D	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 D	15 F	15 S	15 D Sauris skólaferna
16 F Hafnarflugvagnur	16 M	16 M Hafnarflugvagnur	16 L	16 F Hafnarflugvagnur	16 M	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M Keflavíkurflugvagnur	16 M Sauris skólaferna
17 L	17 D	17 F	17 S	17 D	17 F	17 M	17 M Hafnarflugvagnur	17 D	17 L	17 F Hafnarflugvagnur	17 F Sauris skólaferna
18 M	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 D	18 D	18 S	18 M	18 M Keflavíkurflugvagnur	18 F Sauris skólaferna
19 M Hafnarflugvagnur	19 F	19 L	19 F	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 L Sauris skólaferna	19 L Sauris skólaferna
20 D Hafnarflugvagnur	20 F	20 S	20 M Hafnarflugvagnur	20 F Hafnarflugvagnur	20 M	20 F	20 F	20 S Hafnarflugvagnur	20 D	20 F Sauris skólaferna	20 S Sauris skólaferna
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 F	21 M Hafnarflugvagnur	21 M	21 L Hafnarflugvagnur	21 M Sauris skólaferna
22 F	22 S	22 F	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 S Hafnarflugvagnur	22 F	22 S Sauris skólaferna	22 D Sauris skólaferna
23 F	23 M	23 L	23 M	23 F	23 F	23 S	23 M Hafnarflugvagnur	23 M	23 F Hafnarflugvagnur	23 M Sauris skólaferna	23 M Sauris skólaferna
24 L	24 D	24 F	24 S	24 M Hafnarflugvagnur	24 F	24 M	24 M	24 D Hafnarflugvagnur	24 L	24 D Sauris skólaferna	24 F Sauris skólaferna
25 S	25 M	25 F	25 M Hafnarflugvagnur	25 M Hafnarflugvagnur	25 L	25 D Hafnarflugvagnur	25 S	25 S Hafnarflugvagnur	25 S	25 M Sauris skólaferna	25 F Sauris skólaferna
26 M	26 F	26 L Hafnarflugvagnur	26 D Hafnarflugvagnur	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M Hafnarflugvagnur	26 F Sauris skólaferna	26 L Sauris skólaferna
27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 F	27 D	27 M Hafnarflugvagnur	27 F Sauris skólaferna	27 S Sauris skólaferna
28 M	28 L	28 M	28 F Hafnarflugvagnur	28 L	28 D	28 F	28 F Hafnarflugvagnur	28 S	28 M Hafnarflugvagnur	28 L Hafnarflugvagnur	28 M Sauris skólaferna
29 F Hafnarflugvagnur	29 S	29 D	29 F Hafnarflugvagnur	29 S	29 M	29 L	29 S	29 D Hafnarflugvagnur	29 F Hafnarflugvagnur	29 S Sauris skólaferna	29 D Sauris skólaferna
30 F	30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F Keflavíkurflugvagnur	30 M Sauris skólaferna	30 M Sauris skólaferna
31 L		31 F		31 D Hafnarflugvagnur	31 F	31 M	31 M	31 L			

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulast skóladagur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningnum.

Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Smelltu á myndina til að skoða skóladagatal í fullri stærð á heimasíðu skólans.

Uppbrotsdagar

Yfir veturinn eru tíu skipulagðir uppbrotsdagar á skóladagatali. Má þar nefna haustferð skólans, skreytingardagur, skólaping og dagarnir í vor kringum staðartengda menntun.

Einnig er annað skipulagt uppbrot í skólastarfinu, má nefna miðstigsleikar í Borgarnesi, íþróttahátíð í Bolungarvík, fullveldishátíð, árshátíð, skólabúðir, skólaferðalög og heimsóknir fyrirlesara.

Nokkrum sinnum yfir veturinn koma gestakennarar í skólann, má nefna aðila á vegum List fyrir alla, listafólk á vegum Púkans, barnamenningarhátíðar Vestfjarða og Jón Pétur danskennari. Þá tökum við þátt í degi íslenskrar tónlistar með sameiginlegum samsöng nemenda á landinu.

Skertir dagar og tvöfaldir dagar

Skertir dagar á skóladagatali eru strax eftir jóla- og páskafrí, ásamt því að dagarnir sem eru tvöfaldir á skóladagatali eru einnig skertir dagar. Þá daga fara nemendur fyrr heim og koma aftur í skólann, má nefna fullveldishátíð og árshátíð skólans. Einnig eru litlu jólin almennt skertur dagur, en í ár ber hann upp á föstudegi. Nemendur fara heim kl. 12:30 þann dag. Fimm dagar eru tvöfaldir dagar, skólasetning skólaslit og einn dagur þar sem skólaferðalög nemenda eru. Dagarnir sem fullveldishátíð og árshátíð eru teljast einnig sem tvöfaldir dagar.

Óveður

Ef appelsínugul viðvörðun er fyrir svæðið þá fellur allt skólahald niður og er það tilkynnt með SMS til foreldra og með tölvupósti á Mentor. Ef gul viðvörðun er í gangi þá meta foreldrar hvort börn þeirra komi í skólann. Skólabílstjórar meta einnig eftir aðstæðum hvort fært er að sækja nemendur. Veður getur verið misjafnt eftir stöðum í sveitarfélaginu og ber foreldrum að meta hverju sinni hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann. Foreldrar barna í dreifbýli fylla út blað þar sem kemur fram á hvaða heimili á Reykhólum er fósturheimili barnsins ef sú staða kemur upp að ekki geta skólabílar keyrt heim að loknum skóla. Skólabílstjórar hafa samband við skólastjóra um leið og veðurhorfur eru orðnar slæmar.

Skólabílstjórar eða skólastjóri hafa samband við foreldra ef þurfa þykir.

Ef skólinn er lokaður vegna veðurs er ekki ætlast til að nemendur séu í fjarnámi. Ef að skólinn er opinn en skólabílar komast ekki, þá er ætlast til að nemendur sinni fjarnámi í samráði við kennara þannig að kennsla þeirra falli ekki niður. Nemendur í 4.-10. bekk fara heim með chromebooks ef veðurspá er slæm og verða í fjarnámi. Nemendur verða sendir heim með sérstök heimaverkefni á þeim tíma sem búast má við að færð og veður geti raskað eðlilegu skólastarfi. Kennarar hafa samband við nemendur hverju sinni í gegnum google og kennslan þann daginn er skiplögð útfrá stundatöflu nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti í fjarnám samkvæmt stundaskrá og séu í samskiptum við kennara sína um fyrirkomulag dagsins.

Skólaakstur

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar, heimilt er þó að flytja leikskólabörn með skólabílum ef pláss er í bílnum enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki eða einungis óverulega. Bílstjórnir eru Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson. Vilberg keyrir í Króksfjarðarnes og Þráinn keyrir í Gufudalssveit. Skólabílar koma að skóla rétt fyrir kl. 08:10 og fara frá skóla kl. 14:50 alla daga nema miðvikudaga (14:00) og föstudaga fara bílarnir kl. 12:20 þegar nemendur eru búnir að borða hádegisverð. Ef skólabíll á ekki að sækja nemanda af einhverjum ástæðum eða ef nemandi á að verða eftir þá er mjög mikilvægt að foreldrar/forráðamenn láti bílstjóra vita. Ekki er nóg að nemendur láti vita. Vinsamlega látið bílstjóra vita tímanlega því oft fer mikill tími í að leita eftir einstaka nemanda á meðan hinir bíða. Þráinn s: 434-7774 / 895-7774 - Vilberg s: 434-7772 / 863-2059

Morgunferð miðað við að skólinn byrjar kl. 8:10 og 9:00

Innsveit – Vilberg s:434-7772/863-2059

Þættir	Klukkan
Litla-Holt (2)	6:55/7:45
Gróustaðir (3)	7:05/7:55
Sólheimar (4)	7:15/8:03
Litla-Brekka (3)	7:20/8:10
Bakki (3)	7:25/8:15
Tindar	7:35/8:25
Reykholaskóli	8:05/8:55

Morgunferð:

Gufudalssveit - Þráinn s:434-7774/895-7774

Þættir	Klukkan
Fremri-Gufudalur (2)	7:05/8:00
Fremri-Gufudalur (3)	7:10/8:07
Hríshóll (2)	7:40/8:40
Reykholaskóli	8:05/8:55

Heimferð:

Mánudagar, þriðjudagar og fimmtudagar kl. 14:40/15:20

Miðvikudagar kl. 13:50/15:20

Föstudagar kl. 12:00/12:00

Til að halda áætlan í morgunferð þurfa farþegar að vera tilbúnir til brottfarar þegar skólabíll kemur.

Foreldrar/forráðamenn láta sinn bílstjóra vita ef barn mun ekki nýta sér far með skólabíli í morgun- eða heimferð.

Akstursáætlun er endurskoðuð ár hvert fyrir upphaf skólaárs.



Klæðnaður og óskilamunir


Foreldrar eru beðnir um að sjá til þess að börn þeirra séu klædd eftir veðri þar sem nemendur verja frímínútum sínum í útiveru. Mikilvægt er að nemendur hafi með sér auka föt og jafnvel ullarnærföt í tösku til að geta klætt sig betur þegar kalt er úti. Gott er að merkja skó og fatnað. Óskilamunir eru í boxi í anddyri skólans og gerðir sýnilegir við flest tækifæri.

Skólareglur

Endurskoðun á þeim reglum fór fram í október 2022. Skólareglur Reykhólaskóla gilda fyrir alla aðila sem að skólastarfinu koma og alls staðar þar sem þeir eru á vegum skólans og má sjá [hér](#).

Stjórnskipulag skólans og skipurit

Reykhólaskóli



Starfsfólk skólans

Andrea Björnsdóttir	Deildarstjóri nemendaþjónustu	andrea@reykholaskoli.is
Anna Margrét Tómasdóttir	Skólastjóri	skolastjori@reykholaskoli.is
Birthe Daber	Umsjónarkennari 8.-10. bekk	birthe@reykholaskoli.is
Dísa Sverrisdóttir	Stuðningsfulltrúi	disa@reykholaskoli.is
Friðrún Hadda Gestsdóttir	Ræsting	fridrun@reykholaskoli.is
Hrefna Jónsdóttir	Umsjónarkennari 5.-7. bekkur	hrefna@reykholaskoli.is
Jóhanna Ösp Einarisdóttir	kennari (leiðbeinandi)	johannaosp@reykholaskoli.is
María Rós Valgeirsdóttir	Umsjónarkennari 1.-4. bekkur	mariaros@reykholaskoli.is
Niels Rasmussen	Kennari (leiðbeinandi)	niels@reykholaskoli.is
Sandra Rún Björnsdóttir	Iðjupjálfi	sandra@reykholaskoli.is
Sandra Rún Gústafsdóttir	stuðningsfulltrúi	sandrarg@reykholaskoli.is
Sjöfn Sæmundsdóttir	fagaðili nemendaþjónustur	sjofn@reykholaskoli.is
Þorleifur J. Guðjónsson	Tónlistarkennari	torleifur.gudjons@gmail.com
Vilberg Þráinsson	Bílstjóri	katlatr@visir.is
Þráinn Hjálmarsson	Bílstjóri	kletturr@simnet.is

Viðtalstímar kennara í grunnskóladeild

Hægt er að senda póst á netföng kennara, leiðbeinenda og á aðra starfsmenn eftir þörfum og óska eftir viðtali.

Forföll kennara

Ef kennari fer í leyfi undirbýr hann kennsluáætlun fyrir staðgengil sinn. Ef kennari veikist eða af öðrum orsökum getur ekki undirbúið kennslu má staðgengill hans ráðstafa tímanum með öðrum hætti.

Í forföllum kennara er bilið brúað með fagaðila eða öðrum kennurum skólans, ef kennarar eða fagaðilar eru uppteknir í kennslu eða geta ekki sinnt forföllum af öðrum ástæðum, hafa aðrir starfsmenn skólans umsjón með bekknum.

Fastir fundir og fundaráætlun vetrarins

Starfsmannafundir eru að jafnaði haldnir á sameiginlegum starfsdegi Reykhólaskóla.

Kennarafundir eru að jafnaði haldnir vikulega á miðvikudögum, klukkan 14:00- 16:00.

Nemendabjónustan heldur reglulega fundi með kennurum.

Yngstastigs teymi fundar á fimmtudögum kl. 8:00 eftir þörfum.

Deildastjóri nemendabjónustu og skólastjóri funda einu sinni í viku kl. 11:00-12:00 á þriðjudögum.

Teymi íþróttamannvirkis heldur fjóra fundi á starfsvetrinum

Skólastjóri og deildarstjóri leikskóla hittast reglulega.

Skólastjóri situr reglulega samstarfsfundi með forstöðumönnum stofnanna á Reykhólum.

Skólastjórar samstarfsskóla Vesturlands hittast fimm sinnum á vetri. Skólastjórar Vestfjarða hittast af og til.

Félagstengslafundir eru haldnir tvisvar á önn, þar sem eru forstöðumaður frístundar- og tómstundastarf fundar ásamt umsjónarkennurum og fagaðilum ræða málin.

Fundaráætlun vetrarins er hægt að skoða [hér](#).

Starfsþróun skólans

Í Reykhólaskóla er [leiðsagnarnám](#) en það snýst um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Síðustu ár höfum við verið að innleiða leiðsagnarnámið og er því aðaláherslan á þann þátt í starfsþróunaráætlun skólans. Einnig hefur áhersla verið á [farsældarlögin](#) síðan 2021 og er því höfuðáhersla lögð á þann þátt líka.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans sem er leiðsagnarnám og farsæld barna og lögbundinni skyldu hans. Hins vegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans hverju sinni.

Símenntun/starfsþróunar tímar kennara eru 102 tímar samkvæmt kjarasamningi kennara. Reiknað er með að hluti af þeim tímum séu teknir að sumri fyrir og eftir sumarfríi. Símenntun annarra starfsmanna fer fyrst og fremst fram á starfstíma skólans.

Ár hvert metur skólastjóri þörf á starfsþróun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að starfsþróun sé sinnt og heldur utan um starfsþróun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá sig á námskeið sem tengjast starfi þeirra og fylla út starfsþróunaráætlun og gera grein fyrir sínum símenntunar áformum í starfsþróunarsamtali.

Símenntun/starfsþróun getur meðal annars falist í:

- Menntafléttu Háskólans og námskeiðum fyrir kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu og lestur fagbóka og fagsíðna
- Formlegt framhaldsnám

Þá býðst kennurum að taka þátt í [Menntafléttunni](#) á vegum Háskóla Íslands, en þar eru mörg spennandi námskeið í boði. Þá detta oft spennandi námskeið inn á skólaárinu sem kennarar eru duglegir að nýta sér.

Áætluð námskeið starfsmanna 2024-2025:

- Kennarar fá reglulega kennsluráðgjöf frá Ásgarði
- Farsæld barna
- Leiðsagnarnámið á vegum Ásgarðs kennsluráðgjafar
- ADHD námskeið
- Skyndihjálparnámskeið, haldið annað hvert ár

Móttaka nýrra starfsmanna

Mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki. Tilgangurinn með [móttökuáætlun](#) er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir að farið sé yfir þau atriði sem við eiga með nýjum starfsmanni.

Móttökuáætlun er mikilvægur þáttur í starfsmannastefnu Reykhólaskóla og er endurskoðuð reglulega.

Komin er tími á endurskoðun.

Nefndir og ráð

Í 6. gr grunnskólalaga er kveðið á um að í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps er skólanefnd sveitarfélagsins og ber að starfa eftir lögum og reglum um skólanefndir. Líkt og fram kemur í 6. gr grunnskólalaga skulu skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Fundargerðir má lesa [hér](#).

Mennta- og menningarmálanefnd 2022-2026

- Árný Huld Haraldsdóttir
- Vilberg Þráinsson
- Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (til 19. sept. 2023)
- Steinunn Rasmus (frá 19. sept. 2023)

Áheyrnarfulltrúar eru:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri.
- María Rós Valgeirsdóttir fh. kennara grunnskólans.
- Íris Ósk Sigþórsdóttir fh. starfsmanna á leikskóla
- Hafrós Huld Einarsdóttir fh. foreldrafélagsins

Foreldrafélag

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal starfa foreldrafélag við alla grunnskóla landsins.

9. gr. Foreldrafélag.

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð [og farsæld] nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Í stjórn foreldrafélags Reykhólaskóla eru:

- Embla Bachmann, formaður
- Hafrós Huld Einarsdóttir
- Sigríður Ísleifsdóttir

Hægt er að hafa samband við foreldrafélagið á xx og netfang foreldrafélagsins er xx

Skólaráð grunnskóla

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra. [Hér](#) er að finna reglugerð og [handbók](#) um skólaráð.

Skóla- og foreldraráð Reykhólaskóla

Skólaráð Reykhólaskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólastig Reykhólaskóla. Ráðið skal skipa níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Ákveðið var að helmingur ráðsins endurnýist á ári hverju og helmingur sitji áfram með nýjum fulltrúum.

Skólaráð Reykhólaskóla skólaárið 2024-2025 skipa:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
- Íris Ósk Sigþórsdóttir, fulltrúi leikskólans
- María Rós Valgeirsdóttir, fulltrúi kennara
- Sjöfn Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna
- Kjartan Þór Ragnarsson, fulltrúi grenndarsamfélags
- Ásborg Styrmisdóttir, fulltrúi nemenda
- Bergrós Vilbergisdóttir, fulltrúi nemenda
- Embla Bachmann, fulltrúi foreldra grunnskólans
- Agnieszka Anna M Kowalczyk, fulltrúi foreldra leikskólans

Til vara:

- Niels Rasmussen, varafulltrúi kennara
- Sigríður Ísleifsdóttir, varafulltrúi foreldra grunnskólans
- Hafrós Huld Einarsdóttir, varafulltrúi foreldra leikskólans
- Þórgunnur Rita Gústafsdóttir, varafulltrúi nemenda

Funda- og starfsáætlun 2024-2025:

Nóvember. Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og uppfærð ef þörf þykir.

Starfsáætlun skólans, námsvísir, skóladagatal, námsvísir kynntur og reglur skólans ræddar.

Febrúar. Samstarf heimilis og skóla, líðan og velferð nemenda, stefnur skólans kynntar.

Mars. Opinn fundur skólaráðs. Samstarf við grenndarsamfélagið. Skóladagatal og fyrirkomulag næsta skólaárs. Starfsemi foreldrafélagsins kynnt. Önnur auglýst dagskráratíði.

Maí. Ráðningar starfsmanna. Mat á starfsáætlun ársins, innra mats skýrsla - drög. Önnur auglýst dagskráratíði.

Hér er fundaráætlun og fundargerð skólaráðs [24-25 Skólaráð - Reykhólaskóli leik- og grunnskóli 2024-2025](#)

Trúnaðarmenn og öryggisvörður

Trúnaðarmaður kennara er Hrefna Jónsdóttir og annarra starfsmanna er XX. Öryggisvörður er Anna Margrét Tómasdóttir.

Stefn er á því að vinna áhættumat út frá vinnuumhverfissvímum árið 2024.

Eineltisteymi

- Skólahjúkrunarfræðingur
- Krístrún Birgisdóttir Ásgarði skólaráðgjöf
- Rebekka Eiríksdóttir kennari
- María Rós Valgeirsdóttir kennari

Eineltisáætlun Reykhólaskóla

Eineltisáætlunin var endurskoðuð vorið 2023. Áætlunin heitir í dag; stefna, viðbrögð og vinnuferill starfsfólks skóla við samskiptavanda, líkamlegu og andlegu ofbeldi/einelti nemenda Reykhólaskóla. Stefnan birtist [hér](#). Eineltisáætlunin verður endurskoðuðu haustið 2024 með meiri áherslum á viðbrögðum við samskiptavanda og skýrari verklagsreglur.

Áætlun um samskiptavanda

í vinnslu.

Innra matsteymi

Í skólanum er virkt innra mat sem innra matsteymi hefur umsjón með. Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, uppeldis- og menntastarf, stjórnun, skólabrag, innra mat og foreldrasamstarf og sérstaka viðburði skv. skóladagatali. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fimm ára þar sem sumir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gæðaviðmið um leik- og grunnskólastarf og skólastefnu sveitarfélagsins. Hér að neðan er hlekkur á langtíma- og ársáætlun innra mats. [Reykhólaskóli- Innra mat 2022-2026](#). Nánar um innra mat má lesa á heimasíðu skólans.

Matsteymið skipa

- Anna Margrét Tómasdóttir fh. skóla
- Íris Ósk Sigþórsd. fh leikskóla
- Hrefna Jónsdóttir fh. foreldra
- María Rós Valgeirsdóttir fh grunnskólakennara
- Ásborg Styrmisdóttir og Bergrós Vilbergsdóttir fyrir hönd nemenda, þær eru kallaðar inn þegar fara á yfir það sem viðkemur nemendum og aðferðum, úrvinnslu og umbótum .

Samskipti heimilis og skóla

Góð og örugg samskipti heimila og skóla eru lykilatriði varðandi nám og velferð barna í grunnskóla. Mikilvægt er fyrir báða aðila að skýr viðmið séu um hvernig þeim samskiptum er háttað og hvernig upplýsingum er miðlað milli aðila. Velferð nemenda er höfð að leiðarljósi um leið og þess er gætt að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu. Við leggjum áherslu á persónuleg samskipti og geta foreldrar haft samband við skólann hvenær sem er á opnunartíma skólans.

Reykholaskóli notar fjölskylduvefinn www.mentor.is til þess að halda utan um upplýsingar um nemendur og ástundun. Námsleg staða nemenda birtist einnig í Mentor.

Sími og tölvupóstur

Umsjónarkennarar og foreldrar/forsjáraðilar eiga í reglulegum samskiptum sín á milli og fer stór hluti þeirra fram í tölvupósti eða í síma. Foreldrar geta komið skilaboðum til kennara í gegnum símanúmer skólans eða sent tölvupóst. Foreldrar eru beðnir um að hafa ekki samband við kennara í persónuleg símanúmer þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því að kennarar svari síma eða tölvupósti í kennslustundum. Tölvupóstur er eingöngu notaður til þess að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Viðkvæm, persónuleg mál eiga ekki erindi í tölvupóst. Ef foreldrar þurfa að ná í börn sín á skólatíma er haft samband í símanúmer skólans og viðkomandi sér um að koma upplýsingum til nemanda. Börnum er óheimilt að svara síma á skólatíma og því er ekki gert ráð fyrir að foreldrar hringi beint í börnin þótt þau séu með síma í töskunni.

Tilkynningar forfalla og leyfisveitingar

Forráðamenn eiga að tilkynna veikindi/forföll nemenda daglega. Slíkar tilkynningar eiga að berast áður en skóli hefst. Standi veikindi yfir í nokkra daga ber að tilkynna þau í upphafi hvers dags. Ef misbrestur verður á veikindatilkynningum er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Miðlun upplýsinga

Síðasta haust leit nýr vefur Reykholaskóla dagsins ljós, vefurinn er settur upp með það að markmiði að hann gagnist sem best foreldrum og öðrum þeim er finna þurfa upplýsingar um skólann. Einnig er skólinn er með Facebooksíðu þar sem fréttir og tilkynningar eru jafnan birtar sem eiga erindi við aðila utan skólans. Þá verður sendur út skólapóstur reglulega til að koma til móts við óskir foreldra og forráðamenn um betra upplýsingaflæði og fréttir úr skólastarfinu. Skólastjóri sendir upplýsingar og tilkynningar til foreldra og nemenda í gegnum Mentor þegar við á. Umsjónarkennarar hafa einnig samband við foreldra í gegnum Mentor þegar þurfa þykir, hvort sem það er vegna persónulegra mála nemenda eða almennar upplýsingar um viðfangsefni skólans. Þá geta foreldrar fylgst með námsframvindu og námsmati barna sinna í Mentor og ástundun þeirra.

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra ef ástundun er ábótavant. Atvikaskráningar eru í Mentor.

Kennarar tónlistarskólans eru eingöngu í persónulegum samskiptum við foreldra um námsframvindu, líðan og heimanám. Foreldrar geta alltaf haft samband við tónlistarkennara símleiðis eða á netfang þeirra. skólapóstur

Foreldra og nemendasamtöl

Foreldrar og nemendur eru boðaðir í formlegt samtal til umsjónarkennara tvisvar á ári, í október og febrúar. Í samtölum í október eru nemendastýrð samtöl þar sem einnig gefst tækifæri til að þess að ræða saman um líðan nemandans og námið í heild sinni. Kennarinn fær tækifæri til þess að hrósa og hvetja eða fara yfir það sem betur mætti fara í hegðun og ástundun nemandans. Í febrúar gefst tækifæri til þess að ræða saman um líðan og frammistöðu nemandans, farið er yfir námsárangur á miðjum vetri, hrósað og hvatt og gerð áætlun um það sem betur má fara. Til grundvallar liggur námsmat haustannar. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals. Fyrir utan þessi formlegu samtöl stendur foreldrum til boða að panta samtal við umsjónarkennara eins oft og þurfa þykir. Nemendapjónustan boðar foreldra til fundar þegar tilefni er til m.a. til teymisfundar, einstaklingsnámskrár eða líðan nemenda.

Samfélagsmiðlar og Google síður

Á haustin skila foreldrar inn undirrituðu samþykki vegna myndbirtingar á vegum skólans og efni birtu á netinu. Samþykkisblöðin eru höfð til hliðsjónar þegar birta á myndir. Almennt gildir sú vinnuregla samt að nemandinn sjálfur verður að samþykkja hverju sinni þegar að mynd af honum sé birt á netinu eða efni sem skólinn sendir frá sér. Skólastjóri sendir einnig út tölvupósta til forráðamanna ef um sérstakt tilfelli er að ræða og biður forráðamenn að hafa samband ef þau vilja ekki að myndir birtast af barni tengdu sérstöku verkefni. Forráðamenn geta þar að auki verið beðin aukalega um undirskrift ef tilefni er til vegna myndbirtinga.

Umsjónarkennari yngsta stigs er með Google síðu fyrir hvern nemanda þar sem hún setur allar upplýsingar sem tengjast nemandanum og skólastarfinu. Einnig er yngsta stig með sameiginleg Google síða þar sem birtar eru myndir þar sem fleiri en einn nemandi er í forgrunni. Google síður eru gjarnan notaðir í þemavinnu innan skólans og frístundar/tómstundastarfs. Á slíkum síðum er upplýsingar um verkefni nemenda, viðkomandi þemavinnu og fréttæfni þar sem ýmist kennarar og nemendur birta efni. Í þessu tilefni má nefna jólalotuna okkar og vorþema. Nemendafélagið er með facebook síðu þar sem heitir Fjáröflun unglिंगadeildar Reykhólaskóla. Þar eru samskipti skóla og elstastigs um fjáröflun nemendafélagsins.

Heimsóknir í skólann

Starfsfólk hvetur foreldra til að kynna sér daglegt starf barna sinna í skólanum og skulu heimsóknir í skólastofur ávallt vera í samráði við kennara. Þeir sem eiga erindi í skólann eru beðnir um að gefa sig fyrst fram við skólastjóra eða staðgengil og gera grein fyrir sér. Allir gestir eru minntir á að sýna virðingu og gæta þagmælsku um það sem þeir kunna að heyra eða sjá á meðan á heimsókninni stendur. Það er ávallt á ábyrgð hvers og eins hvað hann segir og brýnt að draga ekki ályktanir af stuttri heimsókn eða upplifun.

Þá er foreldrum boðið í skólann á nemendakynningar þegar við á, má nefna við lok Hringrásarsamfélagsins og vorverkefna. Einnig eru haldin árleg skólaþing í skólanum þar sem foreldrar og nemendur taka virkan þátt saman.

Samstarf foreldrafélagsins og skólans

Í skólanum er löng hefð fyrir því að halda fullveldishátíð 1. des og halda myndarlega árshátíð. Þessi verkefni eru samstarfs skólans og foreldrafélagsins. Skólinn sér um að framkvæmd hátíðanna og atriði á sviði, en foreldrar sjá um veitingar á hlaðborð og standa vaktina báða dagana. Hátíðarnar eru vel sóttar af fjölskyldum nemenda og öðrum íbúum hreppsins. Þá sér foreldrafélagið um jólaföndur fyrir nemendur og foreldra og öskudagsskemmtun. Reynt er að fara annað hvert ár í menningarferð til Reykjavíkur með nemendur leik- og grunnskóla. Það hefur verið farið á Árbæjarsafnið, Þjóðminjasafnið, á skauta, út að borða og í leikhús. Vorið 2023 var farin leikhúsferð, næsta ferð er vorið 2025.

Nemendapjónusta- Stoðþjónustuteymi

Nemendaverndarráð 2024-2025

Nemendaverndarráð starfar eftir reglugerð frá [menntamálaráðuneytinu](#). Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Skipan nemendaverndarráðs; skólastjóri, deildarstjóri nemendapjónustu, fulltrúi skólaheilsugæslu og fulltrúi sérfræðiþjónustu sveitarfélags. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Nemendaverndarráð fundar reglulega á starfstíma skólans og fundar þegar þurfa þykir og ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir ráðsins eru færðir til bókar og er farði með öll mál sem nemendaverndarráð fjallar um sem trúnaðarmál.

Í ráðinu sitja:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri.
- Andrea Björnsdóttir, deildarstjóri nemendapjónustu.
- Þórunn Björk Einarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.
- Hlíf Hrólfsdóttir, félagsmálafulltrúi.

Tengiliður farsældar

Ekki er búið að virkja tengilið farsældar í Reykhólaskóla. Nemendapjónustan sinnir öllum nemendum og aðstoðar foreldra ef eitthvað er.

Lausnateymi

Lausnateymi er teymi innan skólans sem sér um að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim. Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Málið getur varðað einstaka börn eða barnahópa í námi þeirra, starfi og leik.

Í lausnateymi árið 2024-2025 eru:

- Skólastjóri
- Deildarstjóri nemendapjónustu situr í lausnateymi á mið- og elstastigi
- Iðjubjálfi situr í lausnateymi á yngsta stigi
- Fagaðili nemendapjónustu
- Allir kennarar skólans sem kenna viðkomandi nemanda

Aðgengi að skólaheilsugæslu

Heilsugæslu í Reykhólaskóla er sinnt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Skólahjúkrunarfræðingur Reykhólaskóla skólaárið 2024-2025 er Þórunn Björk Einarsdóttir búsett í Búðardal. Forráðamönnum er bent á að hafa samband við hana á netfangið thorunn.b.einarsdottir@hve.i. mun hún svara eftir bestu getu. Hjúkrunarfræðingur sinnir og skráir bólusetningar sem við á hverju sinni.

Viðvera í Reykhólaskóla verður eftir samkomulagi og í tengslum við fyrirfram ákveðna fræðslu og heimsóknir hjúkrunafræðings.

Aðgengi að sérfræðipjónustu

Við skólann starfa iðjuþjálfari og þroskaþjálfari sem vinna með nemendum með einhvers konar fötlun, röskun og/eða sérþarfir samkvæmt skilgreiningu sérfræðings og/eða nemendum með almenna námsörðugleika.

Skólasálfræðingur - Verksvið skólasálfræðings er að veita starfsfólki og foreldrum ráðgjöf vegna erfiðleika nemenda. Skólasálfræðingur; Magnús Baldursson, kemur reglulega yfir skólaárið.

Starfsfólk skólans hefur aðgengi að sérfræðingum [Ásgarðs skólaráðgjafar](#) - ráðgjafar um stuðning við framkvæmd menntastefnunnar, kennsluráðgjöf og þann stuðning sem stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk á rétt á og kann að þurfa við að framkvæma framúrskarandi skólastarf. Meginmarkmið þess samstarfs er að á hverju ári færist skólastarf í Reykhólahreppi nær því að vera framúrskarandi og eftirtektarvert á landsvísu. **Sérkennsluráðgjafi, kennsluráðgjafi og námsráðgjafi** starfa hjá Ásgarði og hægt er að vísa til þeirra eftir þörfum.

Starfsveturinn 2024-2025 sinnir Ágústa Ýr Sveinsdóttir markþjálfari ráðgjöf og markþjálfun elstu nemenda til reynslu.

Nemendur

Skólahald hefst 20. ágúst og skólaslit eru 23. maí. Stundatafla nemenda er inn í Mentor og breytist í janúar, febrúar og mars. Oft er uppbrot í skólanum sem kemur ekki fram á skóladagatali, má nefna vinnu tengda fullveldishátíð og árshátíð. Vettvangsferðir eru á vorin og skólaferðalög eru almennt á vorin. Nemendur fara í skólabúðir í 9. bekk í Vindáshlíð í haust en skólabúðir 7. bekkjar falla niður í ár. Farið verður með núverandi 4.-7. bekk á Reyki starfsveturinn 2025-2026 vegna fámennis og félagslegra tengsla nemenda á þessum aldri í Reykhólaskóla. Þau eru samheldin hópur þvert á aldur og vinna mikið saman í öllum verkefnum í skólanum. Jón Pétur kemur í mars ár hvert með danskennslu. Nemendur skólans fara í skíðaferðir í febrúar. Farið verður með elstu nemendur til Reykjavíkur í mars á [Mín framtíð](#) og skapaðar skólabúðir í borg þá daga. Þá detta oft skemmtilegir viðburðir og uppbrot inn, eins og Einar Mikael með jólabréfin og sleðann, verkefni tengd barnamenningarhátíð og fjölbreyttir gestafyrirlesarar.

Móttökuáætlun

Árið 2024 stendur til að gerð verði sérstök handbók þar sem ítarleg móttökuáætlun allra nemenda kemur fram. Þangað til gildir eldri móttökuáætlun skólans eru upplýsingar um hana að finna [hér](#). Haustið 2023 varð til handbók um móttöku nemenda af erlendum uppruna, sem má sjá [hér](#).

Skipulag náms

Samkenndsla er við Reykhólaskóla. Skólinn skiptist í þrjá námshópa eftir stigum; 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Frá og með lotu 3 starfsveturinn 2024-2025 verða námshóparnir eftirfarandi 1.-3. bekkur, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. Stundatöflur og aðrar upplýsingar um nemendur eru að finna í Mentor og eru aðgengilegar foreldrum og aðstandendum. Forráðamenn geta fylgst með námsframvindu í Mentor. Skipulag náms birtist í námsvísi skólans sem má [skoða hér](#). Ítarlegri upplýsingar um fyrirkomulag náms og kenndslu er að finna hjá kennurum og kenndsluáætlanir eru inn á Mentor.

Kannanir og skimanir

Skimunaráætlun skólans var endurskoðuð 2019. Skimunaráætlun er uppfærð á hverju hausti. Skimunaráætlunina er að finna [hér](#). Yfirlit yfir skimanir og próf varðandi læsi er að finna [hér](#). Námsmatsstefna grunnskólastigs var gerð 2023, uppfærð haustið 2024 og má lesa [hér](#).

Námsgögn

Reykhólaskóli sér nemendum fyrir námsgögnum.

Val nemenda

Í ár er boðið upp á áhugasviðsval fyrir 4.-10 bekk (3.-10. bekk í lotu 3-6). Nemendum stendur til boða að velja á milli þriggja verkefna á sex vikna fresti. Almennt er reynt að bjóða upp á verklegar greinar, íþróttaval og vali tengt list- og verkgreinum. Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Nemendur í 8. – 10. bekk eru með skerta stundatöflu (36 stundir í stað 37 stunda). Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tímaviðmið hefur nemendum Reykhólaskóla verið boðið að taka þátt í smiðjuhelgum með Grunnskóla Borgarfjarðar tvisvar sinnum á ári. Fyrri helgin er í ár 29. - 30. september og seinni helgin er 12.-13. apríl. Smiðjuhelgarnar eru haldnar á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Nemendur vinna í smiðjum frá 14:30 – 19.00 á föstudegi og fá kvöldmat og gista á staðnum. Nætgæsla er í höndum foreldra/kennara. Á laugardeginum er unnið frá kl. 09:00 – 14:30. Kennari fylgir nemendum, stundum er óskað eftir aðstoð foreldra við gæslu og akstur í Búðardal. Þar sameinast nemendur í rútu með Auðarskóla. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum sem þau velja sér sjálf.

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag í grunnskólum m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Í Reykhólaskóla eru allir nemendur í 8.-10. bekk í stjórn og sjá um að taka ákvarðanir sem hópur.

Einnig er tilgangur félagsins að vera með fjáröflun fyrir nemendur til þess að fá sem veglegust skólaferðalög. Nemendur unglingadeildar fjármagna skólaferðalögin sín nánast alfarið sjálf með fjáröflun. Skólaferðalögin sem hópurinn fer í er Danmerkurferð, skíðaferð og ævintýraferð, þannig að allir bekkir fara einu sinni í hverja ferð. Söfnunin er þannig háttað að ávallt sé til í sjóð peningur til að kaupa fjáröflunarvörur og ekki þurfi sérstaklega að leggja í meiri vinnu þó ferðin sé dýrari líkt og Danmerkur ferðin er. Nemendur hafa verið með alls kyns fjáraflanir s.s. sala á hreinlætisvörum, dósatalning pizzadagur, aðgangseyrir á Fullveldis kaffi og árshátíð skólans ásamt ýmsu öðrum viðburðum eins og bingó og áheitasöfnun. Starfsmaður/menn skólans hefur yfirumsjón með starfseminni og er með prókúru. En skipulag starfsins er gert með sameiginlegri ákvörðun hópsins.

Íþróttir og sund

Nemendur eiga að mæta með viðeigandi fatnað í íþróttir og sund. Ef nemendur mega ekki vera í íþróttum eða sundi þá verða foreldrar að hafa samband við kennara á Mentor eða hringja í skólann og koma skilaboðum áleiðis.

Viðeigandi fatnaður er þar til gerður íþróttafatnaður sem nemendur mæta með í skólann til að nota í íþróttum. Dæmi um slíkan fatnað eru léttar stuttbuxur og stuttermabolur, langermatreyja, leggingsbuxur eða íþróttabuxur. Nemendur frá 1.-10. bekk verða að eiga innanhússíþróttaskó og hafa með sér í skólann eða geyma í búningsklefa. Slíkir skór eru ekki með svörtum botni sem strika, ekki inniskór eða crocs skór. Til að tryggja öryggi nemenda er ætlast til að allir nemendur séu í skóm á sama tíma, stundum eru æfingar sem nemendur eiga að vera berfættir, en ekki er leyfilegt að vera á sokkaleistunum við íþróttaiðkun.

Nemendur mega ekki mæta í íþróttir í þeim fötum sem þau nota í öðru skólastarfi þann daginn. Gert er ráð fyrir að nemendur skipti yfir í íþróttaföt í búningsklefa og gert er ráð fyrir að allir nemendur fari í sturtu á eftir íþróttatíma.

Sömu viðmið gilda í íþrótt- og tómstundastarfi Reykholahrepps sem fram fer á þriðjudögum og fimmtudögum, þar stunda nemendur á yngsta og miðstig íþróttæfingar innan skólaaksturs á vegum frístundar. Nemendur verða einnig að vera með innanhússíþróttaskó og viðeigandi íþróttafatnað á æfingum á vegum frístundastarfs.

Nemendum ber að fylgja settum reglum íþróttamannvirkis.

Íþróttaföt

- 1.–4. bekkur: Mæta með innanhússkó, viðeigandi íþróttaföt og handklæði.
- 5.–7. bekkur: Mæta með innanhússkó, viðeigandi íþróttaföt og handklæði.
- 8.–10. bekkur: Mæta með innanhússkó, viðeigandi íþróttaföt og handklæði.

Sund

Íþróttakennarar mælast til þess að stúlkur mæti í sundbolum eða sport bikiní í skólasund og að drengir séu ekki í of stórum og síðum sundbuxum. Gott er ef nemendur komi með sundgleraugu líka, vegna þess að flest allir nemendur óska eftir að nota sundgleraugu til að vernda augun sín.

Sund fellur niður þegar frost er meira en -6°C og mikil vindkæling.

Sund og Íþróttakennarar senda út upplýsingar að hausti til forráðamanna um útbúnað, öryggisreglur og fyrirkomulag til að skerpa því fyrirkomulagi og áherslum sem eru hverju sinni.

Öryggi og velferð barna

Áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla var endurskoðuð á skólaárinu 2017-2018.

Öryggisáætlun Reykhólaskóla í heild sinni byggir á "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum". 2014, Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Áætlun er hér í heild sinni; [Öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla 2018](#)

Áfallaráð - Áfallaáætlun

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki áfallaráðs skólans. Áfallaáætlun var endurskoðuð haustið 2023 og nær hún utan um m.a. slys, ofbeldi, skilnað foreldra, veikindi og náttúruhamfarir. Hægt er að kynna sér áfallaáætlun skólans hér [hér](#).

Rýmingaráætlun Reykhólaskóla

Unnin var að rýmingaráætlun fyrir Reykhólaskóla skólaárið 2015 - 2016 um hvernig skuli bregðast við eldsvoða. Þegar hafa verið gerðar miklar endurbætur á útgönguleiðum. Mikilvægt er að endurskoða rýmingaráætlun 2024, þar sem að eldri áætlun er úreld.

Dagskrá brunaæfinga

Brunaæfing er haldin í samráði við slökkviliðsstjóra þar sem farið er yfir viðbragðsáætlun og líkt eftir raunverulegum bruna. Slökkviliðsstjóri er Skjöldur Orri Skjaldarson/ slokkvilid@dalir.is/s. 899-2621. Hér má finna upplýsingar um [slökkviliðsins](#) á svæðinu.

Í desember er eldvarnardagur á dagskrá í Reykhólaskóla. En þá er kjörið tækifæri að minna á hættur sem leynast víða yfir hátíðirnar en um leið að æfa viðbrögð við bruna í skólanum.

Eftir áramót er eldvarnardagur Landssambands slökkviliðsmanna á dagskrá. Stefnt er á að þá mæti fulltrúi slökkviliðsins á svæðinu og fari yfir helstu atriðið sem þarf að hafa í huga þegar kemur að eldvörnum. Brunnaæfing er svo haldin í kjölfarið í Reykhólaskóla þar sem farið er yfir viðbrögð við bruna í skólanum. Mikilvægt er að gera ráð fyrir íþróttamannvirki og mótuneyti þegar brunaæfingar eru. Skjöldur Orri skipuleggur eldvarnardag í Reykhólaskóla og sér um brunaæfingu þegar eldvarnardagur Landssambands slökkviliðsmanna er.

Frístund, tómstundastarf og íþróttir

Í Reykhólahreppi er gott samstarf við frístunda- og tómstundastarfið. Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi er í ársleyfi frá starfi og Marie-Susann Zeise var ráðin tómstundafulltrúi í haust og ber ábyrgð á starfinu. Hægt er að hafa samband við hana á netfanginu marie@reykholaskoli.is eða í síma 857 9059.

Yngsta stigið er í frístund á þriðjudögum og fimmtudögum áður en skólabílar fara heim. Eldir nemendur eiga kost á tómstundastarfi og íþróttum að skóla loknum þessa sömu tvo daga.

Í starfinu eru viðhafin lýðræðisleg vinnubrögð. Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar og íþróttæfingar er sniðin að óskum barna og sjá áhugasöm börn og ungmenni um skipulag og utnumhald.

Félagsmiðstöðvarráð er skipað þeim börnum sem hafa áhuga á að taka þátt í mótun dagskrár og er ekki kosið í ráðið sérstaklega.

Ungmennaráð Reykhólahrepps er hluti af stjórnsýslu Reykhólahrepps og kjósa ungmenni sér fulltrúa í ungmennaráð á ungmennapingi annað hvert ár. Ungmennaráðið fundar reglulega og heldur eitt ungmennaping á ári. Umræðuefni ungmennapinga eru skipulögð af ungmennaráðinu.

Starfsáætlun 2024-2025

Opnanir:

Opnanir félagsmiðstöðvarinnar verða tvisvar í viku og horft verður á samfelldan dag barnsins svo ekki komi bil í dagskrá barnsins. Íþróttaæfingar verða innan félagsmiðstöðva starfsins.

Yngsta stig:

Yngsta stig er í frístund tvisvar í viku. Á þriðjudögum og fimmtudögum er frístund eftir hádegi þar til skólabílar fara heim. Innan dagskrár eru íþróttaæfingar, föndur og leikir. Þegar veðrið er gott eyðum við tíma úti í fersku lofti með börnunum.

Miðstig:

Miðstigið er í tómstundastarfi og á íþróttaæfingum tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum frá því skóla lýkur og til klukkan 17:00. Skipulögð dagskrá hefst alltaf kl. 15:00.

Unglingastig:

Unglingastig er með opið í félagsmiðstöðinni og á íþróttaæfingum tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum frá því skóla lýkur og til klukkan 19:00. Skipulag dagsins hefst alltaf kl. 15:00.

Miðstig og unglingastig eru með aðstöðu í félagsmiðstöðinni. Innan þeirra dagskrá eru vikulegir viðburðir, íþróttastarf ásamt samstarfsverkefna. **Fastir viðburðir:**

- Landsmót Samfés – Haldið í byrjun október ár hvert.
- Samfestingurinn – Haldinn í byrjun maí ár hvert.
- Sameiginlegt ungmennaping Vestfjarða
- Árlegt ungmennaping Vestfjarða.
- Æskulýðsballið – Æskulýðsballið er haldið ár hvert í nóvember í Borgarnesi.
- Sam Vest – Sam Vest er haldið í janúar/febrúar ár hvert.

Íþróttastarf

Íþróttastarf er unnið í samvinnu við ungmennafélagið Aftureldingu. Boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn á öllum aldri sem tekur mið að áhugasviði barna.

Með von um jákvætt og uppbyggjandi skólaár
Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri

uppfært 19.11.2024